

### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: ÍS 47, 6506033030	Dags. eftirlits: 22.06.2017	Staðsetning stöðvar: Önundarfjörður	Starfsleyfisflokkur:
Tengiliður: Gísli Jón Kristjánsson	Netfang: is47@simnet.is	Sími: 892-1062	Gerð stöðvar: Sjókvíaelði
Gildistími starfsleyfis: 31. des 2030	Kvittun afhend: Já	Viðstaddir eftirlit: Sigríður Gísladóttir Soffía Karen Magnúsdóttir	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Framleiðsla um 50 tonn af regnbogasilungi á ári
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búnaði verður líklega skipt út á næstunni
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Aðrar skráningar en niðurstöður mælinga eru til staðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og	X			Viðbragðsáætlun í lagi en koma þarf betur fram að ekki sé talin hætta á annarri bráðmengun en frá olíuleka. Í því skyni ítrekar rekstraraðili ítrekar að ekki er hætta á annarri bráðmengun en frá olíuleka.

Ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Neyðaráætlun er komin, en vantar betri útskýringar varðandi förgun dauðfisks. Rekstraraðili bendir á að ef fiskur yrði ekki seldur yrði honum fargað hjá Kubbi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Ytri vottun ekki til staðar, en í rekstri er lögð áhersla á góða umgengni við umhverfi.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðrað með blæstri og fylgst með atferli.
Er skráning á losun fósíors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Hefur ekki verið reiknað eða mælt.
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?			X	
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í			X	

frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.				
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjór
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?		X		Lítið af fugli og lítið af þörungum, annars ekki fylgst með uppsöfnun.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Nei
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			3 kvíar, 2*60 m og 1 * 50 m, c.a. 40.000 fiskar. Lífmassi um 40 tonn.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?				Slátrað vikulega í bát Slóg fer í Klofning Næsta útsetning seiða áætluð í júlí
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Úrgangsolía í tank á höfn, önnur spilliefni ekki notuð. Dauðfiskaháfur, dauðfisk fargað í Kubb. Kvittun á staðnum.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Setja þarf upp vöktunaráætlun
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	

Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?		X		Til stendur að setja upp vöktunaráætlun í samráði við Nátt Vest.
Er það skv. starfsleyfi?				
Hver sér um mælingarnar?				

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Ársskýrslu og grænt bókhald vantaði, neyðaráætlun var ekki til staðar og útstreymisbókhald vantaði einnig.

**Samantekt:**

**Frávik**

Ársskýrslu og grænt bókhald vantar  
Vöktunaráætlun vantar

**Athugasemdir**

**Annað**

Undirskrift eftirlitsmanns: Soffia Karen Magnúsdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Öfundarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	22.6.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Ís 47 ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Soffía Karen Magnúsdóttir
<b>Heimili</b>	Fagraholti 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	650603-3030	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gísli Jón Kristjánsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvær athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu er varða viðbragðsáætlun og samning um móttöku lífræns úrgangs í tengslum við neyðaráætlun. Fimm frávik kom fram er varða að skil á ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi voru ekki innan tímamarka, vöktunaráætlun var ekki aðgengileg við eftirlit og að umhverfismælingar hafa ekki verið gerðar skv. starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

Gr. 3.1 og 3.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn ársskýrslu fyrir árið 2016.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal grænu bókhaldi fyrir fyrsta maí ár hvert. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn fyrir árið 2016.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skila útstreymisbókhaldi fyrir fyrsta maí ár hvert. Útstreymisbókhaldi var skilað með tölvupósti þann 11. júlí s.l.

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Vöktunaráætlun var ekki aðgengileg eftirlitsaðila í eftirliti en skv. gr. 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili leggja fram vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Umhverfismælingar áttu skv. gr. 5.1 í starfsleyfi að hefjast fyrir 1. maí 2015 en engar slíkar mælingar liggja fyrir hjá rekstraraðila.

## ATHUGASEMDIR

Viðbragðsáætlun var til staðar í eftirlitinu en koma þarf betur fram í henni að ekki sé talin hætta á annarri bráðamengun en frá olíuleka.

Neyðaráætlun var til staðar í eftirlitinu, en það vantar betri útskýringar varðandi förgun. Minnt er á að nauðsynlegt er að vera með samning við úrgangsstöð eða móttökuaðila um förgun á miklu magn t.d. ef fara þyrfti að fara öllum fisknum í stöðinni. Rekstraraðili bendir á að ef fiskur yrði ekki seldur yrði honum fargað hjá Kubbi.

## ANNAÐ

01.08.2017

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Steinunn Karlsdóttir*

Steinunn Karlsdóttir